

## **MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI**

**DAN 403 Haustönn 2011**

**4A**

**Kennari: Selma Hauksdóttir**

### **Áfangalýsing:**

Áfanginn byggir að mestu á þemavinnu nemenda þar sem viðfangsefni fara að hluta til eftir áhugasviðum nemenda. Nemendur fá þjálfun í notkun tungumálsins, bæði skriflega og munnlega og reynt verður að byggja upp öryggi í málnotkun. Reynt verður að gera nemendur færa um að skilja fjölbreytta texta á flóknara máli. Lögð verður áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði nemenda í verkefnavali og vinnubrögðum. Námsmat byggir að mestu á þemaverkefnum nemenda og vinnu yfir önnina.

### **Áfangamarkmið:**

Nemandi

- geti lesið alla texta almenns eðlis (sem eðlilegt er að nemandi lesi miðað við þroska og áhuga) og ráðið við velflesta sérhæfða texta með aðstoð orðabókar
- geti leitað upplýsinga á bókasöfnum eða í gagnagrunnum/-bönkum um það sem hugurinn girnist
- geti talað nokkuð viðstöðulaust um dagleg málefni og tjáð sig um þau málefni sem eru til umfjöllunar hverju sinni
- geti rætt við innfædda nokkurn veginn hiklaust um málefni sem hann þekkir til
- geti skilið allt venjulegt talað mál, áttað sig á samhengi og inntaki þegar fjallað er um flóknari hluti og óþekkt hugtök
- geti skrifað nánast rétt mál með aðstoð orðabóka, leiðréttingarforrita og uppflettirita
- geti notað orðaforða sem hæfir tilefni skrifanna hverju sinni
- geti skrifað tölvupóst
- geti sent fyrirspurnir
- geti beðið um upplýsingar um skóla, húsnæði, ferðir, gistingu flug, lestir o.s.frv.
- geti skrifað greinar og ritgerðir og skráð viðtöl
- geti unnið að viðfangsefnum á eigin spýtur eða í samvinnu við aðra
- geti lagt mat á stöðu sína í tungumálinu og sett sér markmið miðað við hana
- geti á sjálfstæðan hátt valið sér viðfangsefni og unnið að markmiðum sínum
- geti lagt mat á vinnu sína og árangur
- beri ábyrgð á námi sínu

### **Námsefni:**

Gögn frá kennara og sjálfvalið efni, þar af a.m.k. tvær skáldsögur og ein smásaga.

## Vikuáætlun:

1. v.	15.-16. sept	Kynning, upprifjun
2. v.	19.-23. sept	Upprifjun, ETM markmiðssetning
3. v.	26.-30. sept	ETM markmiðssetning
4. v.	3.-7. okt	Smásaga
5. v.	10.-14. okt	Fjölmiðlar - netblöð + sjónvarp + útvarp
6. v.	17.-21. okt	Fjölmiðlar
7. v.	24.-28. okt	Skáldsaga 1 - kynna sér tengt málefni/bakgrunn
8. v.	31. okt – 4. nóv	Skáldsaga 1
9. v.	7.-11. nóv	Saga - samfélag
10. v.	14.-18. nóv	Saga - samfélag
11. v.	21.-25. nóv	Smásaga eða kvikmynd
12. v.	28. nóv – 2. des	Vísindi
13. v.	5.-9. des	Vísindi
14. v.	12.-16. des	Skáldsaga 2
15. v.	19.-20. des, 4.-6. jan	Skáldsaga 2
16. v.	9.-10. jan	Lausir endar

## Kennsluhættir:

Kennslan miðar að því að hjálfa alla fjóra færniþætti tungumálsins með mismunandi verkefnum. Lögð verður áhersla á að auka sjálfstæði nemenda í náminu og gera þá sjálfbjarga í tungumálanámi. M. a. verður stuðst við matsskala Evrópsku tungumálamöppunnar og nemendur æfðir í að setja sér markmið samkvæmt þeim. Nemendur fá nokkuð sjálfræði um val á námsefni og verkefnum.

## Námsmat:

Þemu (3) + (einst eða litlir hópar)	30
Smásögur/kvikmynd (einstaklingar)	10
Skáldsaga 1 skriflegt /ritgerð	20
Skáldsaga 2 munnlegt próf/viðtal	20
Vinnueinkunn	10
Portfolio	10

Nemendum ber að skipta verkefnum sínum þannig að bæði komi skrifleg og munnleg framsetning við skil verkefna. Nemendum ber einnig að skila bæði einstaklings- og hópverkefnum.

Fyrirvari er áskilinn til breytinga á fyrirkomulagi námsmats, ef sérstakar aðstæður krefjast.